

31. okt. 2019

Gerður G. Óskarsdóttir
Þakkarávarp f.h. rauðsokka

Tilefni: Viðurkenning til rauðsokka frá Jafnréttisráði Íslands í tilefni af nýsettum lögum um þungunarrof vegna baráttu þeirra fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna yfir eigin líkama og brautryðjendastarfs við lagasetningu um fóstureyðingar.

PUNKTAR

[PAKKIR] Fyrir okkar hönd þakka Jafnréttisráði þennan heiður

[BARÁTTA] Þetta var erfið baráttu að fá í gegn og hafa áhrif á þessi lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Við lögðum áherslu á

a) rétt sjálfstæðrar mannesku til að ráða yfir líkama sínum

b) vildum að börn væru velkomin í heiminn og foreldrar tilbúnir til að taka við þeim.


Sáum því lögin sem fyrirbyggjandi aðgerð.

[ANDBYR] Mættum miklum andbyr, vorum kallaðar barnamorðingjar o.s.frv. , en í því mótlæti, eins og öðru, var það samstaðan sem bjargaði okkur. Stóðum saman sem einn hópur í blíðu og stríðu. Mátti líkja við styrjöld ...

[AÐGERÐIR] Við héldum fundi, fórum á fundi, sendum bréf til alþingismanna og gáfum út tölublað af blaðinu *Forvitn rauð*, sem var helgað þessu máli í byrjun árs 1974. Það var í raun dirfskufull aðgerð að lýsa á rauðu síðunum reynslu af fóstureyðingum – sem á þeim tíma var refsívert athæfi. Konur vitnuðu þarna um reynslu sína – sem var mjög nýtt á þessum tíma.

[VILBORG HARÐARDÓTTIR] Við viljum hér af þessu tilefni minnast félaga okkar Vilborgar Harðardóttur, heitinnar, blaðamanns. Það var hún sem var í forystu í þessu verkefni og dró vagninn. Hún var varaþingmaður Alþýðubandalagsins (1974-1978) og sat um tíma á alþingi á þessum árum. Og það sem afdrifaríkast var, hún sat í nefndinni sem undirbjó ný lög. Magnús Kjartansson, þáv. heilbrigðisráðherra skipaði nýja nefnd (áður eingöngu karlar) og tilnefndi Vilborgu í hana. Þannig gat hún haft mikil áhrif. Við minnumst hennar með þakklæti, virðingu og hlýju.

Takk aftur fyrir okkur!



JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnréttisráð hefur ákveðið að veita Rauðsokkahreyfingunni jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2019.

Í ljósi nýrra laga um þungunarrof, sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2019, er óhjákvæmilegt að líta um öxl og minnast verka þeirra kvenna sem gengu í berhögg við samfélagið þegar það var mun minna móttækilegt fyrir hugmyndum um sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama. Með þessari viðurkenningu er baráttu þeirra heiðruð og þeim þakkað fyrir brautryðjendastarf sitt, sem birtist m.a. í svokölluðu fóstureyðingahefti tímaritsins *Forvitin rauð* árið 1972. Þar vörpuðu þær ljósi á ómannúðlegar aðstæður sem konur bjuggu við fram að því, vildu þær láta rjúfa þungun. Frumvarp Rauðsokkanna um frjálsar fóstureyðingar náði ekki fram að ganga en útvatnað frumvarp varð að lögum árið 1975. Þau lög voru engu að síður mikið framfaraskref og óhætt að fullyrða að ef Rauðsokkurnar hefðu ekki sett kyn- og frjósemisréttindi á dagskrá værum við komin skemur á veg. Baráttu þeirra var mikið átakamál og þeim var stillt upp í fjölmöldum sem lauslátum, siðspilltum og vondum mæðrum. Baráttan tók á og fólk jafnvel hvæsti á þær af hatri. Það þarf ekki bara kjark og staðfestu til að berjast fyrir kvenfrelsi við þessar aðstæður, það þarf líka brennandi ástríðu til að breyta heiminum til betri vegar.

Baráttu Rauðsokkanna gerði heiminn betri og ruddi brautina fyrir komandi kynslóðir. Rauðsokkurnar eru okkur innblástur til að halda áfram baráttunni fyrir kvenfrelsi og jafnrétti.